

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN Efnahagsbrotadeild	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA VITNI	R L S	
Skýrslu gerir Sveinn I. Magnússon, lögreglufulltrúi	Mál nr. 006-2002-0086	IV/43.1	
Staður og stund: Reykjavík – þriðjudaginn 18. janúar 2005. Klukkan 10:00.			
Sakarefni: Ætlaður fjádráttur – brot á lögum um bókhald			
Vitni: Árni Oddur Þórðarson	Kennitala: 070469-3169		
Starf/staða: Framkvæmdastjóri Eyrís ehf	Vinnusími: 525-0200		
Lögheimili: Bárugata 7, Reykjavík	Sími: 551-3338 / 891-8924		
Dvalarstaður:	Sími:		

Árni er mættur til skýrslutöku á skrifstofu efnahagsbrotadeildar samkvæmt boðun. Árni er fyrrum starfsmaður Gildingar og kom að viðskiptum félagsins við Baug-Group hf. varðandi viðskipti með eignarhluti í A-Holding. Í ljósi þess er hann mættur til skýrslutökunnar sem vitni. Honum er kunnugt um tilefni þessarar skýrslutöku sem varðar viðskipti Gildingar við Baugs-Group hf varðandi fjármögnun og uppgjör í tengslum við A-Holding, dótturfélag Baugs-Group hf.

Árna er kynnt sú ábyrgð vitnis að skýra satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kann að skipta. Jafnframt að röng skýrsla vitnis getur varðað refsíábyrgð. Árna er einnig kynnt vitnaskýldan.

Árni kveðst skilja þessi réttarfarsákvæði og vera reiðubúinn að tjá sig.

Árni er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum er varða kaup Gildingar og annarra íslenskra aðila á hlutabréfum í Arcadia og stofnun félagsins A-Holding gagnert til að halda utan um fjárfestinguna í Arcadia.

Árni segir að Gilding hafi verið hluthafi í Baugi með um 6% - 9% eignarhlut í Baugi og kveðst Árni telja það hafa verið hluta til ástæða þess að leitað var til Gildingar um þátttöku í þessu fjárfestingarverkefni í Arcadia. Árni kveðst minnst þess að í kringum árslok 2000 hafi hann farið ásamt fulltrúum frá Baugi og Kaupþingi í skoðunarferð til Bretlands þar sem þeir kynntu sér starfsemi Arcadia og reyndu að átta sig betur á þeim tækifærum sem væru í þessar fjárfestingu.

Árni segir að í framhaldi af þessu hafi Baugur og aðrir íslenskir samstarfsaðilar þeirra farið að kaup hlutabréfi í Arcadia og hafi gengi bréfanna í Arcadia verið mjög hagstæð á þeim tíma, með viðskipti á genginu 0,4. Hann segir Gilding ekki hafa tekið þátt í því á þeim tímamarki. Árni segir að það hafi verið ákveðið að stofna hóp utan um fjárfestinguna og hafi forsvarsmenn Baugs staðið að stofnun A-Holding gagnert til að halda utan um fjárfestinguna í Arcadia hlutabréfnunum.

Árni segir að bréfin í Arcadia hafi farið hækkandi og íslensku fjárfestingaraðilarnir hafi ákveðið að setja fjárfestingar sínar inn í A-Holding og hafi Gilding lagt fjármuni inn í A-Holding. Aðrir hluthafar í A-Holding hafi sett hlutabréf sín í Arcadia inn sem stofn að eignarhlut í A-Holding. Árni segir að eftir því sem hann best muni hafi hlutabréfin í Arcadia verið metin inn í A-Holding á genginu 1,6. Hann segir að Gilding hafi endað með 8-9% hlut í A-Holding. Hluthafar A-Holding hafi einnig lagt fram tryggingar í réttum hlutföllum við eignarhlut sinn í A-Holding.

Árni segir að hann sjálfur hafi tekið þátt í samningum varðandi A-Holding, fyrir hönd Gildingar. Hann segir að Gunnar Sturluson, lögmann, einnig hafa tekið þátt í þeirri vinnu. Árni tekur það fram að fundir sem hann hafi setið varðandi stofnun A-Holding hafi verið haldnir á skrifstofu lögmannsstofunnar Logos og allir fundir varðandi samninga um yfirtöku Baugs á A-Holding hafi verið haldnir í húsakynnum Kaupþings. Árni segir að fulltrúar allra hluthafanna hafi setið þessa fundi, þ.e. frá Kaupþingi, Íslandsbanka, Gildingu, Gaumi og Baugi.

Árni segir að hann hafi verið skipaður í stjórn A-Holding, en aldrei hafi komið til stjórnarfundar og félagið lifað mjög stutt í þessu formi, enda hafi Baugur yfirtekið félagið skömmu eftir stofnun þess.

Árni segir að samið hafi verið um yfirtöku Baugs á A-Holding og eftir því sem hann best muni hafi samningurinn samsvarað yfirtöku á hlutabréfunum í Arcadia á genginu 1,91 á hlut í skiptum fyrir bréf í Baugi á genginu 12,6. Árni tekur það fram að Gilding hafi metið það svo að líklegast væru bréfin í Arcadia verðmætari en svo, en þar sem greitt var með bréfum í Baugi og Gilding var hluthafi í Baugi fyrir, auk þess að þá frekari bréf í Baugi, þá hafi þeir talið að frekari hækkun á bréfum í Arcadia myndi skila sér í hækkun á gengi Baugs. Það hafi hins vegar ekki orðið raunin.

Árna er kynnt að lögregla hafi í þágu rannsóknar málsins fengið afhentan hluthafasamning hluthafa A-Holding, frá 4. apríl 2001. (fskj. 14). Jafnframt var þann sama dag gerður samningur "Deed of Call Option" (fskj. 15) sem er á milli Baugs og A-Holding. Þar fær Baugur kauprétt til að kaupa hlutabréf A-Holdings í Arcadia á fyrirfram skilgreindu verði á fyrirfram skilgreindum tíma. Árni er beðinn um að gera grein fyrir þessum samningi.

Árni kveðst þekkja þessa samninga, hann hafi undirritað hluthafasamninginn fyrir hönd Gildingar. Starfsmaður Kaupþings í Luxembourg hafi verið skipaður framkvæmdastjóri félagsins. Ákveðið hafi verið að Kaupþing tæki að sér almennan rekstur félagsins, hins vegar kveðst Árni hafa litið svo á að það væri í rauninni lítill daglegur rekstur í tengslum við A-Holding. Varðandi kaupréttarsamninginn þá hafi þar verið setti inn ákvæði um kauprétt Baugs á öllu hlutafé í A-Holding með 34% álagi. Það hafi hins vegar ekki orðið raunin, Baugur hafi ekki nýtt sér þann kauprétt heldur samið upp á nýtt við hluthafana um yfirtöku á A-Holding.

Árni er beðinn um að gera grein fyrir þeirri reiknireglu sem sett er fram í kaupréttarsamningnum frá 4. apríl 2001, varðandi verðlagningu hlutabréfa A-Holding í Arcadia.

Árni segir að það hafi ekki verið nein sérstök reikniregla í kringum þetta, heldur hafi menn samið um ákveðna ávöxtun fyrir þáttöku hluthafanna í slíkri áhættufjárfestingu. Þar hafi menn verið að horfa til ávöxtunar til eins árs. Ekki hafi komið til þess þar sem gerður hafi verið nýr samningur um yfirtöku Baugs á A-Holding.

Undir Árna er í því sambandi borinn kaupsamningur dags. 10. maí 2001 (fskj. 16), en samkvæmt honum keypti Baugur alla hluti í A-Holding á sama hlutfallslega verðinu með 16% álagi og greiddi með hlutabréfum í Baugi á genginu 12,6 á nafnverði. Verðið er skilgreint í 2. gr. samningsins og útreiknað á Schedule 1 með samningi og þar skipt á hluthafa ásamt greiðslu í hlutabréfum í Baugi.

Árni er beðinn um að gera nánari grein fyrir þessum kaupsamningi.

Árni segir að forsvarsmenn Baugs hafi kallað hluthafana í A-Holding á fund í Kaupþingi. Þar hafi komið fram að þeir hefðu áhuga á því að flýta yfirtökuferli Baugs á A-Holding og í ljósi þess að þeir væru að hraða þessu ferli vildu þeir gera nýja samning um yfirtökuna, þar sem álagprósentan yrði færð niður í samræmi við styttri tíma. Árni segir að upphaflegar hugmyndir forsvarsmanna Baugs hafi verið að álagið færi mun neðar. Tekist hafi verið á um þá prósentu og samningaviðræður um það, en lendingin hafi verið að samið hafi verið um 16% álag við gerð þessa nýja samnings. Það álag hafi

skilað niðurstöðu í kringum 1,91 á hvern hlut í Arcadia. Árni segir að Gilding hafi viljað ná þessu álagi hærra og viljað fara mun nær 34% álaginu, enda viljað hámarka hagnað út úr þessar fjárfestingu. Hann kveðst hins vegar hafa verið í sambandi við hina hluthafana, þ.e. Íslandsbanka, Kaupþings og Gaumi og þegar þeir hluthafar hafi verið sáttir við 16% álagið hafi það hreinlega orðið niðurstaðan í þessum nýja samningi og Baugur hafi greitt með nýju hlutafé í Baugi á genginu 12,6.

Árni er spurður hvort hluthafarnir hafi fengið einhverjar aðrar greiðslur í tengslum við kaup Baugs á öllu hlutafé í A-Holding.

Árni segir svo ekki vera. Gilding sem hluthafi hafi ekki fengið neinar aðrar greiðslur í tengslum við þennan samning. Af hálfu A-Holding hafi enginn hluthafi fengið neitt umfram þessi skipti á bréfum í Baugi á genginu 12,6 fyrir eignarhlutinn í A-Holding.

Árni er spurður hvort hann viti til þess að Baugur hafi greitt hluthöfum í A-Holding sérstaka þóknun eða bætur fyrir að breyta og lækka fjárhæð kaupréttar Baugs gagnvart viðkomandi hluthöfum í A-Holding.

Árni kveðst ekki vita til þess.

Árni er spurður hvort hann viti hvernig gert hafi verið upp við aðra hluthafa í A-Holding, við kaup Baugs á öllu hlutafé í félaginu, en samkvæmt samningnum frá 10. maí 2001 hafi hluthafarnir átt að fá hlutabréf í Baugi fyrir hlut sinn í A-Holding.

Árni kveðst standa í þeirri trú að gert hafi verið upp á sama hátt við alla hluthafana, þ.e. með bréfum í Baugi á genginu 12,6. Allir hluthafarnir hafi skrifað undir sama samninginn.

Árni er spurður hvort hann kannist við að Kaupþing hafi fengið greiddar 300-400 milljónir króna, Íslandsbanki um 70-75 milljónir króna og Gaumur 95 milljónir króna. Samtals 470-570 milljónir króna umfram það kaupverð sem getið er í samningnum frá 10. maí 2001, vegna þess að félögin hafi fallið frá mánaðargömlum kaupréttarsamningi við Baug vegna hlutabréfaeignar í A-Holding.

Árni kveðst ekki kannast við það og kveðst aldrei hafa heyrt neitt um það fyrr né síðar. Árni tekur það fram að Gilding hafi gengið hvað harðast fram í því að fá hærra verð en 16% álagið við yfirtöku Baugs á A-Holding, en forsvarsmenn Baugs hafi verið mjög staðfastir og harðir samningamenn þannig að ekki hafi náðst hærra verð við yfirtökuna. Hann tekur það einnig fram að forsvarsmenn Baugs hafi kynnt samninginn frá 10. maí 2001 á hluthafafundi Baugs og hann verið samþykktur af hluthöfunum og í framhaldi haf því verið gengið frá yfirtökunni.

Árni er spurður hvort hann hafi einhverju við framburð sinn að bæta.


Árni kveðst ekkert fleira hafa um þetta mál að segja.

Skýrslutöku lauk kl. 11.40

Staðfest rétt eftir haft:

  
 Árni Oddur Þórðarson

Skýrsluna skráði:

  
 Sveinn I. Magnússon